

Nd.

591. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 576 (Hafnarbótasjóður).

Frá Eysteini Jónssyni.

Meginmál brtt. skal orða svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Til þess að flýta aðkallandi hafnarbótum er heimilt að veita á fjárlögum fé úr hafnarbótasjóði, þó aldrei hærra en svo, að heildarframlög til hafnargerða eða landingarbóta nemi þeirri hlutfallsupphæð af verkkostnaði, sem hafnarlög eða landingarbótalög fyrir hvern stað ákveða.

Framlög, sem þannig eru ákveðin og greidd úr hafnarbótasjóði, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.